

Nd.

### **193. Frumvarp**

til laga um lögskipaða endurskoðendur.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogli.

1. gr.

Opinberir sjóðir og hlutafjelög skulu láta lögskipaða endurskoðendur endurskoða reikninga sína.

2. gr.

Stjórnarráðið skipar endurskoðendur þá, er um getur í 1. grein, kveður á um starfssvið þeirra, hver laun þeir skulu hafa fyrir starfa sinn og hversu þau sje goldin.

3. gr.

Nú er óðrúvísi ákveðið í lögum um endurskoðunarmenn opinberra sjóða eður hlutafjelaga, og ná þá eigi þessi lög til þeirra.